



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð Kópavogs.

Sendandi: Jón Kristján Rögnvaldsson, skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar.

Málsnr: 2411396.

Dags. 11. nóvember 2024

Á fundi velferðarráðs þann 28. október var lögð fram fyrirspurn um fjölda hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu og uppbyggingu rýma í Kópavogi. Sóttar voru upplýsingar af vef Sjúkratrygginga Íslands þar sem fram kemur að 1.569 hjúkrunarrými eru á höfuðborgarsvæðinu. Þar af eru í dag 113 rými í Kópavogi sem skiptast þannig að 44 rými eru á vegum Hrafnistu Boðarþingi, 58 rými í Sunnuhlíð sem rekið er af Vigdísarholti og 11 rými eru starfrækt í Roðasölum sem Kópavogsbær rekur.

Fyrirhuguð er fjölgun hjúkrunarrýma í Kópavogi sem nemur 64 nýjum rýmum hjá Hrafnistu Boðarþingi en miðað er við afhendingu þeirra rýma í maí 2025. Einnig hefur verið gefin út viljayfirlýsing vegna uppbyggingar við hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð og standa vonir til að rýmum verði fjölgað þar í 120. Að þeim framkvæmdum loknum ásamt breytingum á starfssemi Roðasala yrði því heildarfjöldi hjúkrunarrýma í Kópavogi samtals um 228.

Það eru í dag 452 einstaklingar að bíða eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim fjölda eru 69 skráðir með lögheimili í Kópavogi en ekki er þar með sagt að þeir séu allir að sækja um hjúkrunarrými þar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru skv. nýjustu upplýsingum á vef Sjúkratrygginga Íslands skráð 595 dagdvalarrými sem skiptast í 205 almenn dagdvalarrými, 56 rými fyrir sérhæfða endurhæfingu, 236 dagdvalarrými fyrir fólk með heilabilun auk 98 sérstakra rýma. Í Kópavogi eru reknar þrjár dagdvalir, Hrafnista rekur 30 rýma dvagdvöl í Boðarþingi, Vigdísarholt býður upp á 30 rýma dagdvöl í Sunnuhlíð og loks starfrækir Kópavogsbær 20 rýma sérhæfða dagdvöl í Roðasölum.

Skv. nýjasta biðlista eftir dagdvalarrýmum eru samtals 181 á forgangslista vegna dagdvalar á höfuðborgarsvæðinu og þar af eru 37 íbúar Kópavogs.

Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar